

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRA

2020-2024




INNGANGUR



- ▶ Í ljósi góðrar reynslu fyrri sóknaráætlana Norðurlands eystra, frá árunum 2013-2019, var ákveðið að ráðast í vinnu við nýja sóknaráætlun til næstu fimm ára. Þann 12. nóvember 2019 var undirritaður samningur milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins annars vegar og Eyþings hins vegar um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024. Markmið samningsins er að stuðla að jákvæðri byggðapróun í takt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Samningurinn tekur mið af þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun, menningarstefnu og annarri stefnu ríkisins eftir því sem við á. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna. Sóknaráætlun miðar að því að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags- og byggðamála byggi á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans. Í þessu felst að forgangsriðun verkefna taki mið af sóknaráætlun landshlutans sem gerð er til fimm ára. Hægt er að uppfæra áætlunina innan tímabilsins.
- ▶ Sóknaráætlun er stefnuskjal sem felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum. Til að vinna að markmiðum samningsins mun Eyþing:
 - ▶ Móta sóknaráætlun Norðurlands eystra sem nær yfir árin 2020-2024.
 - ▶ Annast umsýslu Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra sem styður við markmið sóknaráætlunar.
 - ▶ Skilgreina áhersluverkefni sem endurspeglar markmið sóknaráætlunar Norðurlands eystra og styðja við framgang hennar.
- ▶ Í maí 2019 samþykkti stjórn Eyþings að fara í samstarf við Capacent um gerð nýrrar sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024. Ráðgjafar Capacent héldu utan um vinnuferlið ásamt því að stýra fulltrúaráðs- og íbúafundi sem haldnir voru vegna verkefnisins. Ferlið sem sett var upp miðaði að því að meta stöðu landshlutans og móta framtíðarsýn ásamt því að skilgreina megin- og mælanleg markmið í atvinnu- og nýsköpunarmálum, menningarmálum og umhverfismálum. Sóknaráætlunin var unnin í samráði við íbúa svæðisins, kjörna fulltrúa, stjórnendur og starfsmenn Eyþings. Samhliða voru drög nýrrar sóknaráætlunar sett inn á samráðsgátt stjórnvalda í þeim tilgangi að sem flestir gætu komið skoðunum sínum á framfæri.



FERLI SÓKNARÁÆTLUNAR



NORÐURLAND EYSTRÁ



30.445 íbúar



13 sveitarfélög



1.34 íbúar per km²

- ▶ Svæði sóknaráætlunar Norðurlands eystra nær yfir 22.735 km²; frá Tröllaskaga í vestri, yfir Eyjafjörð, Þingeyjarsýslur austur til Sandvíkurheiðar á milli Bakkaflóa og Vopnafjarðar. Á svæðinu eru þrettán sveitarfélög með liðlega 30.000 íbúa. Sveitarfélögin eru Akureyri, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Langanesbyggð. Fjölmennta sveitarfélagið er Akureyri með tæplega 19.000 íbúa en fámennust eru Tjörneshreppur með 55 íbúa og Svalbarðshreppur með 91 íbúa.
- ▶ Hlutfall íbúa í landshlutanum af heildaríbúafjölda landsins var 10,5% árið 2000 og lækkaði í 8,5% árið 2019. Á tímabilinu fjölgaði íbúum á Norðurlandi eystra um ríflega 7%. Mest fjölgaði þeim á Akureyri eða um 18,5% en einnig var fjölgun í Skútustaða- og Svalbarðsstrandarhreppi sem og í Hörgár- og Eyjafjarðarsveit. Í öðrum sveitarfélögum fækkaði íbúum á tímabilinu.
- ▶ Á síðustu 20 árum hefur íbúum 50 ára og eldri fjölgað mikið í landshlutanum og einnig hefur ungu fólki á aldrinum 20-29 ára fjölgað. Hins vegar hefur fólki 20 ára og yngri og fólki á aldrinum 30-39 ára fækkað verulega.
- ▶ Útvarsstofn og atvinnutekjur á mann í landshlutanum voru nokkru lægri en landsmeðaltal á árunum 2008-2017. Í kjölfar efnahagshrunsins lækkuðu útvarsstofn og atvinnutekjur í takt við landsmeðaltal og hafa fylgt þeirri þróun síðan. Fjármagnstekjur lækkuðu einnig verulega í kjölfar hrunsins og hafa einungis hækkað lítillega síðan.

SVÓT GREINING



Styrkleikar

- Orkuauðlindir og möguleikar tengdir þeim.
- Mikil reynsla í ferðaþjónustu.
- Gott aðgengi að menntun á öllum skólastigum.
- Öflugt og fjölbreytt menningarlíf.
- Vöxtur í skapandi greinum.
- Góð aðstaða til alþjóðlegra samgangna bæði hafnaraðstaða og flugvöllur.
- Nálægð við einstaka náttúru.

Veikleikar

- Skortur á beinum samgöngum við alþjóðamarkaði.
- Óviðunandi fjarskipti og netsamband háir atvinnulífi og menntun.
- Flutningskerfi raforku á svæðinu ófullnægjandi.
- Fjarlægð frá stærstu markaðssvæðunum; hár ferða- og flutningskostnaður.
- Ófullnægjandi almenningssamgöngur milli byggðakjarna.
- Misræmi á milli menntunar vinnuafis og eftirspurnar atvinnulífs.

Ógnanir

- Skökk samkeppnisskilyrði atvinnulífs s.s. í samgöngum og flutningum.
- Ófullnægjandi grunnþjónusta á vegum ríkisins.
- Óvissa um framtíð Reykjavíkurlflugvallar og um leið innanlandsflugs.
- Samþjöppun fyrirtækja og útibúavæðing.
- Raforkuskortur á tilteknum svæðum.

Tækifæri

- Landfræðileg lega í ljósi vaxandi áhuga og starfsemi á norðurslóðum.
- Nýting á Akureyrarflugvelli sem alþjóðaflugvelli.
- Auka námsframboð á háskóla- og framhaldsskólastigi.
- Frekari nýting orkuauðlinda landshlutans.
- Öflug landbúnaðarsvæði sem geta nýtt sér auka eftirspurn eftir matvælum með þekktan uppruna.
- Aukin hlutdeild í störfum á vegum ríkisins.

HEIMSMARKMIÐ



- ▶ Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru gerð með það markmið að leiða til betra lífs, lífsskilyrða og umhverfis árið 2030. Ísland er eitt þeirra aðildarríkja sem hefur samþykkt að vinna að heimsmarkmiðunum og hefur ríkisstjórnin forgangsraðað þeim sérstaklega.
- ▶ Við gerð sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024 var tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og einstök markmið og aðgerðir tengd við tilheyrandi heimsmarkmið.



FRAMTÍÐARSÝN MÁLAFLOKKA




- ▶ Sóknaráætlun Norðurlands eystra er framtíðarsýn heimamanna á stöðu landshlutans árið 2024. Framtíðarsýnin dregur upp mynd af eftirsóknarverðri stöðu landshlutans í lok tímabilsins og þeim markmiðum sem stefnt er að í sóknaráætlun.



ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Framtíðarsýn

Sterkir innviðir, góðar samgöngur og nýskapandi atvinnulíf í sjálfbærum landshluta.



MENNING

Aukið vægi fjölmenningar og listnáms sem og fjölgun starfa í listgreinum.



UMHVERFISMÁL

Aukin vitund íbúa um umhverfi og neyslu í samfélagslega ábyrgum landshluta.



ATVINNA OG NÝSKÖPUN

INNGANGUR


- ▶ Á Norðurlandi eystra er mikil breidd í atvinnulífi. Breiddin er einnig mikil þegar kemur að umfangi í starfsemi fyrirtækja bæði hvað varðar veltu og fjölda starfsmanna. Þessi breidd er einn helsti styrkleiki atvinnulífsins í landshlutanum og skapar forsendur fyrir öflugri atvinnuþróunar- og nýsköpunarstarfi. Um leið er í breiddinni falin áskorun fyrir það kerfi sem byggt er upp í málaflokknum. Það þarf að geta tekist á við þá fjölbreyttu flóru og mismunandi aðstæður sem atvinnulífið á einstökum svæðum í landshlutanum býr við, allt frá hugbúnaðargerð og tæknivæddri stórfraðleiðslu til einyrkjastarfsemi í dreifbýli.
- ▶ Fjórða iðnbyltingin býður upp á fjölbreytta möguleika til framfara í atvinnulífinu á svæðinu. Með fjórðu iðnbyltingunni má gera ráð fyrir að fjöldi hefðbundinna starfa hverfi þar sem gervigreind, tölvur og sjálfvirkni taka yfir og vinna mun hraðar og öruggar. Á sama tíma opnar fjórða iðnbyltingin tækifæri til að skapa ný störf en til þess þarf að efla fyrirtæki í hátækni og nýsköpun og jafnframt efla menntun og endurmenntun í þeim greinum á svæðinu.
- ▶ Sterk staða Akureyrar á landsvísu með fjölbættu atvinnulífi og öflugri þekkingarstarfsemi með Háskólann á Akureyri í broddi fylkingar, er tækifæri sem landshlutinn á umfram ýmsa aðra. Þann styrk þarf að nýta til þess að virkja að fullu þau tækifæri sem m.a. liggja í réttu samspili auðlindanýtingar – landbúnaðar, sjávarútvegs, orkuauðlinda og náttúrunnar – og þess mannauðs sem svæðið hefur að geyma. Með því er unnt að gera landshlutann að samkeppnishæfum valkosti fyrir ungt fólk, bæði til atvinnu og búsetu.





ATVINNA & NÝSKÖPUN

STAÐA OG VILJI ÍBÚA Á NORÐURLANDI EYSTRA



Gera meira af

- Auka tengsl háskóla og sjúkrahúss við atvinnulíf.
- Styðja markvissar við nýsköpun.
- Auka samstarf sveitarfélaga.
- Auka notkun nýrrar tækni í menntakerfinu.
- Fjölga sérfræðistörfum hins opinbera.
- Efla iðnmenntun.
- Fjölga fjárfestingarmöguleikum.
- Styrkja innviði; fólk, gögn, þjónustu, rafmagn.

Byrja að

- Gera Sjúkrahúsið á Akureyri að háskólasjúkrahúsi.
- Tryggja millilandaflug.
- Taka upp innkaupasáttmála um farartæki sem ekki ganga fyrir jarðefnaeldsneyti.
- Stofna til þróunarmiðstöðva fyrir matvælaframleiðslu.
- Nýta tækifæri í fjórðu iðnbytingunni.
- Efla leiðbeinenda (mentor) kerfin.

Draga úr

- Orkufrekri starfsemi.
- Mengandi starfsemi.
- Einhæfðri atvinnustarfsemi.

Hætta að

- Notast við gamlar aðferðir í síbreytilegu samfélagi.
- Gera sömu hlutina á tveimur stöðum.
- Skilja á milli atvinnugreina.
- Etja saman tveimur svæðum.



ATVINNA OG NÝSKÖPUN


MARKMIÐ

1. Að hlutfall stöðugilda á vegum ríkisins aukist um 15%.
2. Að fjölga nýskráðum fyrirtækjum um 10%.
3. Að auka hlutdeild skapandi greina og hátækni í veltu atvinnulífs um 20%.
4. Að auka opinbert fjármagn til rannsókna, þróunar og nýsköpunar til landshlutans um 40%.





TENGLI VIÐ HEIMSMARKMIÐIN



- **4.4** Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.
- **4.7** Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
- **8.1** Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuafslökum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.
- **8.9** Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.
- **9.1** Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.
- **9.5** Vísindarannsóknir verði eflar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.
- **11.2** Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.
- **11.6** Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.
- **11.A** Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaðþróun á landsvísu og innan svæða.
- **15.2** Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.
- **15.9** Eigi síðar en árið 2020 verði tekið tillit til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætlana og í öllu þróunarferli, skýrslugerðum og aðgerðum til að draga úr fátækt.



ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Innviðir, flutningsleiðir
og stjórnsýsla

HELSTU ÁHERSLUR

► Við viljum:

- Bæta skipulag á innanlandsflugi og gera það að almenningssamgöngum í samhæfðu kerfi sem tengist strætó og ferjum.
- Móta sameiginlega sýn fyrir svæðið í atvinnu- og nýsköpunarmálum.
- Einfalda opinbert styrkjakerfi og auka gagnsæi og sýnileika þess.
- Að Akureyri verði skilgreind opinberlega sem borgarsvæði.
- Að magn og gæði raforku verði tryggt í landshlutanum.
- Auka hlutdeild þeirra sem búa við þrífasa rafmagnstenginu í 100%.
- Auka hlutdeild þeirra sem búa við ljósleiðaratengingu í 100%.
- Auka hlutdeild bundins slitlags í landshlutanum um 20% .





ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Uppbygging
atvinnulífs

HELSTU ÁHERSLUR

▶ Við viljum:

- ▶ Fjölga atvinnutækifærum og starfandi fyrirtækjum á svæðinu með fjölbreytni stofnenda að leiðarljósi.
- ▶ Fjölga sérfræðistörfum hins opinbera í landshlutanum.
- ▶ Fjölga einstaklingum sem sinna störfum án staðsetningar í landshlutanum.
- ▶ Fjölga störfum í skapandi greinum í landshlutanum.
- ▶ Markaðssetja svæðið fyrir hugbúnaðarstarfsemi.
- ▶ Skilgreina landshlutann fyrir aukna og betri orkunýtingu með sérstakri áherslu á jarðvarma.
- ▶ Vinna markvissa stefnumótun um uppbyggingu hringrásarhagkerfis.
- ▶ Auka rannsóknarfé og styrki til landshlutans.
- ▶ Efla Háskólann á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri:
 - ▶ Fjárframlög vaxi um 20% að raunvirði.
 - ▶ Sjúkrahúsið á Akureyri verði háskólasjúkrahús.
 - ▶ Sérfræðistörfum í heilbrigðisþjónustu fjölgi um 50 stöðugildi.
 - ▶ Auka fjölbreytni í námsframboði innan Háskólans á Akureyri.





ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Skólar, atvinnulíf og
nýsköpun

HELSTU ÁHERSLUR

► Við viljum:


- Hvetja til nýsköpunar í norðurslóðamálum og að Akureyri verði miðstöð fyrir norðurslóðastarfsemi á landinu.
- Auka verðmætasköpun í frumgreinum.
- Styrkja stuðningsumhverfið í nýsköpun og fjölga nýsköpunarverkefnum.
- Hvetja til nýsköpunar í matvælatækni og velferðartækni.
- Efla þekkingu og kennslu í tækni-, tölvu- og iðngreinum á svæðinu á öllum skólastigum.
- Stuðla að nýsköpun í öldrunarþjónustu.






ATVINNA & NÝSKÖPUN

MÆLANLEG MARKMIÐ




	Markmið	Mælikvarði	Tímasetning	Uppruni mælinga	Tíðni mælinga
1	Að hlutfall stöðugilda á vegum ríkisins aukist.	15%	2024	Byggðastofnun	Árlega
2	Að fjölga nýskráðum fyrirtækjum.	10%	2024	RSK	Árlega
3	Að auka hlutdeild skapandi greina og hátækni í veltu atvinnulífs.	20%	2024	Fyrirtækjakönnun	Árlega
4	Að auka opinbert fjármagn til rannsókna, þróunar og nýsköpunar til landshlutans.	40%	2024	Gögn frá sjóðum	Árlega



MENNING

INNGANGUR



- ▶ Á Norðurlandi eystra er menningarstarf öflugt, bæði ef litið er til faglegs starfs sem og áhugamenningar. Metnaður er einkennandi og fjölmargir menningarviðburðir og menningarhátíðir eru á svæðinu. Einnig er fjöldi safna, setra og sýninga sem sum hver hafa hlotið viðurkenningar héraendis og erlendis. Þrjár stofnanir á Akureyri eru reknar með samningi milli Akureyrarbæjar og ríkisins; Leikfélag Akureyrar, Listasafnið á Akureyri og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Grunngerð á svæðinu er sterk og býður upp á að Norðurland eystra verði leiðandi í menningar- og listalífi.
- ▶ Sjónlistir eru áberandi á Norðurlandi eystra, sér í lagi í Eyjafirði og skipa Listasafnið á Akureyri, Verksmiðjan á Hjalteyri, Alþýðuhúsið á Siglufirði, Safnasafnið á Svalbarðsströnd og Kaktus á Akureyri þar stóran sess.
- ▶ Safnastarf á svæðinu er öflugt, um 40 söfn, setur og sýningar eru á svæðinu. Níu þeirra hafa hlotið viðurkenningu safnaráðs. Safnaflóran er mjög fjölbreytt og starfsemin til fyrirmyndar undir forystu þeirra safna sem hafa hlotið viðurkenningu safnaráðs. Mikilvægt er að sveitarfélögin á svæðinu setji sér sameiginlega stefnu í safnamálum sem felur í sér áherslur varðandi uppbyggingu, skipulag og þróun safnamála á svæðinu.
- ▶ Handverkshefð á svæðinu er sterk. Rúmlega 20 handverkshópar og handverkshús eru starfandi á Norðurlandi eystra. Handverkshópar líkt og Laufáshópurinn, Handraðinn og Þingeyskt og Þjóðlegt hafa vakið athygli fyrir öflugt og metnaðarfullt starf sem byggir á sérstöðu. Ein stærsta handverkssýning á landinu, Handverkshátíðin á Hrafnagili, er haldin árlega í Eyjafjarðarsveit.
- ▶ Menntun á sviði lista er víða nokkuð fjölbreytt og góð en tryggja þarf öllu svæðinu aðgengi að metnaðarfullri og faglegri menntun á sviði lista og menningar, hvort sem er í námskeiðsformi, innan grunnskóla eða til framhaldsnáms.



MENNING

STAÐA OG VILJI ÍBÚA Á NORÐURLANDI EYSTRA



Gera meira af


- Tengja menningarstarf atvinnunýsköpun.
- Tengja betur saman eldri og yngri kynslóðir.
- Standa fyrir fjölmeningartengdum viðburðum.
- Auka framboð listnáms.
- Tengja menningu og ferðapjónustu.
- Auka samstarf milli svæða og farandsýningar.

Byrja að

- Innleiða safnastefnu.
- Halda tónleika og kennslu í fjarbúnaði.
- Halda menningarviðburði sem ekki eru í boði annars staðar.
- Samvinna setra og safna.



MARKMIÐ



MENNING


1. Að menntunarstig hækki um 5%.
2. Að jákvætt viðhorf íbúa til menningar aukist um 10%.
3. Að störfum í listgreinum fjölgi um 10%.
4. Að fjármagn til menningarmála aukist um 10%.**
5. Að hamingja innan landshlutans aukist árlega um 5%.




**Samtala styrkja á vegum Eypings, sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og Rannís.



TENGLI VIÐ HEIMSMARKMIÐIN



- **4.4** Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.
- **4.7** Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
- **8.5** Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.
- **10.2** Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnámum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.
- **10.3** Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.
- **17.17** Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi.



MENNING


Viðburðir, afþreying og fjölmening

HELSTU ÁHERSLUR

► Við viljum:

- Auka tækifæri listamanna til að koma sér á framfæri nærri heimabyggð.
- Hvetja til þess að menningarstarfsemi taki mið af fjölbreytileika.
- Hvetja til listsköpunar:
 - Menningarmiðjur.
 - Menningarmót grunnskólanna.
 - Menningarhátíð ungmenna.






MENNING


Samvinna, söfn og
menningararfur

HELSTU ÁHERSLUR



▶ Við viljum:

- ▶ Skapa vettvang fyrir ungt fólk til skapandi starfa allan ársins hring.
- ▶ Efla menningarframboð í jaðarbyggðum.
- ▶ Ýta undir skapandi hugsun.
- ▶ Auka námsframboð í listsköpun og aðgengi, t.d. með notkun fjarfundarbúnaðar.
- ▶ Fjölga störfum fyrir listamenn.
- ▶ Kynna og miðla menningararfleið svæðisins til íbúa í auknum mæli (stafræn miðlun).
- ▶ Innleiða safnastefnu fyrir svæðið.
- ▶ Efla samvinnu safna og setra.



MENNING

Menningartengd
ferðapjónusta

HELSTU ÁHERSLUR

► Við viljum:


- Fjölga viðburðum og sýningum frá öðrum landshlutum, s.s. tónleikum, leiksýningum, listahátíðum og menningarviðburðum.
- Efla matarhátíðir á svæðinu, sbr. Local Food Festival.
- Efla menningartengda ferðapjónustu utan háannar og tengja ferðamenn betur við sögu svæðisins.





MENNING


MÆLANLEG MARKMIÐ



	Markmið	Mælikvarði	Tímasetning	Uppruni mælinga	Tíðni mælinga
1	Að menntunarstig hækki.	5%	2024	Íbúakönnun	Annað hvert ár
2	Að jákvætt viðhorf íbúa til menningar aukist.	10%	2024	Íbúakönnun	Annað hvert ár
3	Að störfum í listgreinum fjölgi.	10%	2024	Íbúakönnun	Annað hvert ár
4	Að fjármagn til menningarmála aukist.	10%	2024	Eyþing	Árlega
5	Að hamingja innan landshlutans aukist árlega.	5%	2024	Landlæknir/Þekkingarnet Þingeyinga	Árlega



INNGANGUR



UMHVERFISMÁL

- ▶ Undanfarin ár hefur orðið mikil umhverfisvakning á Íslandi, líkt og annars staðar í heiminum. Umhverfismál skipa stóran sess í stefnumótun ríkisstjórna og stjórnmalaflokka og hafa mörg sveitarfélög útbúið sína eigin umhverfisstefnu með aðgerðaáætlun og mælanlegum markmiðum. Í sóknaráætlun Norðurlands eystra fyrir árin 2020-2024 hefur umhverfismálum verið bætt við sem nýjum málaflokki og fá umhverfismálin vægi til jafns við málaflokka sem eiga sér lengri sögu, þ.e. atvinnuþróun og nýsköpun sem og menningu.
- ▶ Þrátt fyrir að umhverfismál séu nýr málaflokkur innan sóknaráætlunar Norðurlands eystra hefur verið lögð töluverð áhersla á umhverfismál síðastliðin ár. Í sóknaráætlun 2015-2019 voru ýmis áhersluverkefni á sviði umhverfismála styrkt. Til að mynda var skipaður starfshópur um framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi. Markmið verkefnisins er að leysa meðhöndlun og förgun úrgangs á Norðurlandi með hagkvæmum og umhverfisvænum hætti. Einnig var unnið verkefni um fjölnýtingu orkuauðlinda í landshlutanum. Markmið verkefnisins var að stuðla að öflugri og sjálfbærari sveitarfélögum í landshlutanum með áherslu á samspil auðlinda, umhverfis, orku og ferðaþjónustu. Þá voru kannaðir smávirkjanakostir á Norðurlandi eystra og unnin skýrsla um raforkuöryggi með það að markmiði að tryggja orku inn á svæðið.
- ▶ Norðurland eystra er frumkvöðull í flokkun og endurnýtingu úrgangs sem til fellur á svæðinu, en í Eyjafirði er jarðgerðarstöð sem tekur á móti 80% af lífrænum úrgangi á Norðurlandi eystra og umbreytir í moltu.



UMHVERFISMÁL STAÐA OG VILJI ÍBÚA Á NORÐURLANDI EYSTRA



Gera meira af

- Hvetja til aukinnar rafbílavæðingar.
- Fjölga hleðslustöðvum.
- Bæta frárennismál.
- Auka og samræma flokkun á sorpi.
- Draga úr sóun og auka endurnýtingu.
- Auka trjárækt og aðra bindingu.
- Verja vatnsauðlindir.
- Auka fræðslu um umhverfismál meðal ungs fólks og almennings.

Byrja að

- Vinna verndar- og nýtingaráætlun.
- Gera auðlindir úr úrgangi; lífmassaver.
- Farga sorpi sem næst upprunastað.
- Efla fræðslu til íbúa, hvað get ég gert?
- Auka orkusparnað í atvinnulífi og samgöngum.
- Endurnýta umfram endurvinnslu.
- Gera almenning og fyrirtæki ábyrgari.


Draga úr

- Notkun óvistvænna umbúða.
- Notkun jarðefnaeldsneytis.
- Broti á ósnortnu landi.
- Flutningi á sorpi.

Hætta að

- Urða sorp.
- Tala um úrgang, úrgangur er auðlind.
- Pakka vörum í umbúðir.
- Heimila að skip brenni olíu í höfn.
- Prenta fjölpóst.

UMHVERFISMÁL




MARKMIÐ

1. Að draga úr kolefnisspori landshlutans um 50%.
2. Að draga úr urðun óendurvinnanlegs úrgangs um 40%.
3. Að endurvinnsluhlutfall sé ekki undir 70% á svæðinu öllu.
4. Að 80% af lífrænum úrgangi verði hluti af hringrásarhagkerfinu.
5. Að 10% af skólpi verði hluti af hringrásarhagkerfinu.





TENGLI VIÐ HEIMSMARKMIÐIN



- **6.3** Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.
- **6.6** Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.
- **11.A** Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.
- **12.2** Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.
- **12.7** Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsroðun.
- **13.2** Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.
- **14.3** Unnið gegn súrnun sjávar og skaðlegum áhrifum haldið í skefjum, t.d. með því að efla vísindasamstarf á því sviði.
- **15.1** Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.
- **15.2** Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.





UMHVERFISMÁL


Sjálfbærni

HELSTU ÁHERSLUR

▶ Við viljum:

- ▶ Koma upp lífmassaveri.
- ▶ Stuðla að sjálfbærni í landshlutanum með því að:
 - ▶ Auka matvælaframleiðslu á svæðinu, stytta flutningsleiðir neysluvöru og bæta upprunamerkingar.
 - ▶ Hvetja til aukinnar neyslu á svæðisbundinni framleiðslu á kostnað aðfluttra neysluvara.
 - ▶ Auka samstarf við bændur og landeigendur.
 - ▶ Draga úr sóun og auka endurnýtingu.





UMHVERFISMÁL


Úrgangur

HELSTU ÁHERSLUR

► Við viljum:

- Samræma flokkun sorps og draga verulega úr urðun og minnka sóun í landshlutanum.
- Hvetja til nýsköpunar í nýtingu úrgangs og auka verðmætasköpun.
- Skoða úrbætur í fráveitumálum og auka meðhöndlun skólps.
- Að fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar stefni að kolefnishlutleysi.





UMHVERFISMÁL

Auðlindir og skipulag

HELSTU ÁHERSLUR

► Við viljum:

- Fjárfesta í sjálfbæru svæðisskipulagi með umhverfisvernd að leiðarljósi.
- Kortleggja viðkvæm náttúrusvæði og gera áætlun um stýringu og verndun svæða.
- Stuðla að vistvænum samgöngum og efla almenningssamgöngur.
- Leggja fleiri göngu- og hjólastíga.





HELSTU ÁHERSLUR



UMHVERFISMÁL

Orkugjafar,
vitund og ábyrgð

► Við viljum:

- Stuðla að orkuskiptum í samgöngum með því að rafvæða bílaflotann og fjölga hleðslustöðvum.
- Kortleggja mögulega orkugjafa og móta stefnu um nýtingu þeirra.
- Draga úr flutningstapi í orkuflutningum.
- Skoða rafvæðingu hafna.
- Auka umhverfisvitund.
- Að við mat á stuðningi við verkefni sé sérstaklega litið til umhverfisávinninga.
- Hvetja til samstarfs milli skóla og fyrirtækja á svæðinu.
- Stuðla að samfélagslegri ábyrgð í umhverfismálum.



UMHVERFISMÁL MÆLANLEG MARKMIÐ



	Markmið	Mælikvarði	Tímasetning	Uppruni mælinga	Tíðni mælinga
1	Að draga úr kolefnisspori landshlutans.	50%	2024	Þjónustuaðilar	Árlega
2	Að draga úr urðun óendurvinnanlegs úrgangs.	40%	2024	Þjónustuaðilar	Árlega
3	Að auka endurvinnsluhlutfall á svæðinu.	70%	2024	Þjónustuaðilar	Árlega
4	Að lífrænn úrgangur verði hluti af hringrásarhagkerfi.	80%	2024	Þjónustuaðilar	Árlega
5	Að skólp verði hluti af hringrásarhagkerfinu.	10%	2024	Þjónustuaðilar	Árlega

SAMANTEKT OG LOKAORÐ

- ▶ Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024 er ætlað að skila landshlutanum fram á veginn með skarpri sýn á forgangsröðun verkefna og jákvæðum árangri. Með sóknaráætlunum landshlutans hefur verið að þróast verklag sem byggir á markvissari vinnubrögðum og skarpari fókusi en áður hefur verið. Þetta verklag á sér skýra stoð í lögum um byggðáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015. Í ljósi þeirrar reynslu sem þegar er fengin er mikilvægt að stjórnvöld bæti um betur með auknu fjármagni til samninga um sóknaráætlanir landshluta.
- ▶ Sú stefna sem sett er fram ásamt tilheyrandi áherslum er grundvöllur að allri vinnu við sóknaráætlun Norðurlands eystra. Þannig mun m.a. starfsemi og áherslur Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra byggja á henni eins og kveðið er á um í samningi um sóknaráætlun. Sömuleiðis byggja áhersluverkefni landshlutans á þessari stefnu.
- ▶ Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður og er hluti af sóknaráætlun Norðurlands eystra. Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki til umhverfismála, atvinnuþróunar og nýsköpunar, menningarverkefna auk stofn- og rekstrarstyrkja til menningarmála. Sjóðurinn styrkir að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði verkefna. Auglýsa skal opinberlega, minnst einu sinni á ári, eftir umsóknum um styrki til verkefna sem samræmast sóknaráætlun landshlutans. Stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af Uppbyggingarsjóði landshlutans.
- ▶ Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans. Verkefni geta til dæmis verið ráðgjafar- og átaksverkefni á sviði nýsköpunar-, menningar-, umhverfis- og markaðsmála. Áhersluverkefni skulu samþykkt af stjórn Eyþings og þurfa að hljóta staðfestingu stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

